



Ákvörðun nr. 2/2007 um skerðingu á tíðnisviði Símans hf. á NMT- 450 MHz tíðnisviðinu

Vísað er til ákvörðunar Póst- og fjarSKIPTASTOFNUNAR, dags. 15. nóvember 2006, um að bjóða út NMT-450 tíðnisviðið og bréfaskipti við Símann hf. þar að lútandi.

Fyrir liggur að tíðniheimild Símans hf. á umræddu tíðnisviði mun renna út í lok þessa árs, auk þess sem fyrirtækið hafði tilkynnt stofnuninni að það myndi hætta rekstri þjónustunnar þann 1. janúar sl. Í ljósi þessa tók Póst- og fjarSKIPTASTOFNUN þann 23. júní 2006 ákvörðun um, sbr. sérstaka heimild í tíðniheimildinni þar að lútandi, að Síminn hf. skyldi halda áfram rekstri NMT farsímaþjónustunnar þar til önnur langdræg farsímaþjónusta hefði leyst hana af hólmi eða í síðasta lagi til 31. desember 2008. Um leið var Símanum hf. gerð grein fyrir áformum stofnunarinnar um að skerða tíðniheimild fyrirtækisins á umræddu tíðnisviði svo reka mætti nýja farsímaþjónustu samhliða NMT farsímaþjónustunni. Jafnframt var þess getið að ef til slíks kæmi yrði Símanum hf. tilkynnt um það með eins árs fyrirvara.

Tilgangurinn með slíkri skerðingu er að skapa svigrúm fyrir reynslu á nýju langdrægu og stafrænu farsímakerfi svo að tryggja megi samfellda og órofna þjónustu þegar það mun leysa NMT farsímaþjónustuna af hólmi.

Með vísan til framangreinds var Símanum hf. tilkynnt um það, sbr. bréf dags. 9. janúar 2007, að stofnunin hygðist skerða úthlutað tíðnisvið Símans hf. á 450 MHz tíðnisviðinu um þriðjung (1/3) frá og með 1. febrúar 2008. Jafnframt að haft yrði samráð við Símann hf. varðandi þann hluta af tíðnisviðinu sem ákjósanlegast er að skerða.

Með bréfi Póst- og fjarSKIPTASTOFNUNAR, dags. 9. janúar 2007, var Símanum hf. gefinn kostur á því að gera athugasemdir við þessa fyrirætlun stofnunarinnar. Var fyrirtækinu veittur frestur til 23. janúar sl. til þess að koma hugsanlegum athugasemdum sínum á framfæri við stofnunina.

Umræddur frestur er nú liðinn án þess að nokkrar athugasemdir hafi borist frá Símanum hf. Í ljósi þess og með vísan til framangreindra forsendna hefur Póst- og fjarSKIPTASTOFNUN ákveðið að skerða úthlutað tíðnisvið Símans hf. á 450 MHz tíðnisviðinu um þriðjung (1/3) frá og með 1. febrúar 2008. Jafnframt að með hæfilegum fyrirvara fyrir þann tíma verði haft samráð við Símann hf. um hvaða hluta af tíðnisviðinu er ákjósanlegast að skerða.

Ákvörðunarorð

Úthlutað tíðnisvið Símans hf. á 450 MHz tíðnisviðinu sætir skerðingu um þriðjung (1/3) frá og með 1. febrúar 2008. Haft verður samráð við Símann hf., með hæfilegum fyrirvara fyrir þann tíma, varðandi það hvaða hluti tíðnisviðsins verður skertur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson